



Tækniupplýsingar

WOOD DYE INNANHÚSS

VÖRULÝSING

Polyvine Wood Dye er frábært viðarbæs fyrir tréverk. Það dregur fram æðar og byggingu viðarins, er hraðþornandi, fjölhæft og yfir yfirborð lítið. Hentar til notkunar innandyra en lakka verður yfir litaða fleti með viðeigandi efni. Samsetning litarefnanna gerir það að verkum að skörun/tenging á stærri flötum sést ekki eins og við notkun ýmissa annarra svipaðra viðarlitarefna. Útkoman verður jafn og fallegur viðarflötur. Blanda má saman mismunandi litum og fá þannig fram þann litartón sem óskað er. Blöndunareiginleikar litarefnisins gefa því nánast ótakmarkað litaval.

UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

Undirlag ætti að vera slétt, hreint og laust við öll aðskotaefni svo sem olíu, feiti og óhreinindi. Slípið yfirborð vandlega með sandpappír og fjarlægið síðan allt ryk. Hrærið vel fyrir notkun, hristið ekki. Berið ríkulega á flötinn með pensli eða hreinum bómullarklút og þurrkið af umframmagn jafnharðan í stefnu viðaræðanna ef unnt er. Þynna má litinn með vatni sé óskað ljósari litatóna. Fyrir litsterkari útkomu má bera aðra umferð á eftir 4 klst. Sé rakastig mjög lágt og/eða viður afar þurr og opinn er gott að úða örlítið yfir viðinn með vatni. Sannreynið að nægt litarefni sé til staðar til að ljúka verkinu. Sé þörf á meira en einni dós ætti að blanda öllu magninu í eitt ílát til að tryggja einsleita útkomu. Gerið prófun á litlum bletti áður en hafist er handa.

Mælt er með Polyvine eða Nordsjö vatnspynntu lakki til verndar að 8 klst. liðnum.

Athugið: Mismunandi viðartegundir geta skilað litarfrávikum. Prófið fyrirfram, bæði viðarbæsinn og lakkið ofan á.

HREINSUN ÁHALDA

Áhöld má hreinsa með sápu og vatni á meðan litarlausnin er blaut. Þurrkið slettur af flötum með rökum klút. Þorni liturinn, næst hann ekki af nema með málningarleysi.

EIGINLEIKAR

Þekja:	Um 10-20 m ² /lítra
Þurrktími:	Snerrtiþurrt eftir 30-60 mínútur. Um 4 klst milli bæsumferða
Yfirlökkun:	Um 8 klst

UMBÚÐASTÆRÐIR

500 ml

GEYMSLA

Geymið í óopnuðum umbúðum á köldum, þurrum stað. Hlífið gegn beinu sólarljósi.

HEILSA, ÖRYGGI, UMHVERFI

Varan er talin hættulaus. Tryggið góða loftræstingu. Geymið þar sem börn ná ekki til. Berist lakkið í augu skal skola umsvifalaust með volgu vatni. Þurrkið umframmagn af búnaði fyrir þvott í volgu sápuvatni. Tæmið ekki úr umbúðum í niðurföll eða ár/vötn/sjó.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun, hvort varan hentar þeirra þörfum.

Útgáfa: Janúar 2019